

Hönnun hf  
Margrét Valdimarsdóttir  
Grensásvegi 1  
108 Reykjavík

2003030053  
3502; 9310

Reykjavík, 25. apríl 2003  
/--

### **Efni: Stækkun Grundartangahafnar í Hvalfirði í Skilmannahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Hönnunar hf. f.h. Grundartangahafnar dags. 20. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun Grundartangahafnar í Hvalfirði í Skilmannahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skilmannahrepps, Hafrannsóknastofnuninnar, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skilmannahreppi með bréfi dags. 3. apríl 2003, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 10. apríl 2003, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 6. apríl 2003, Siglingastofnun með bréfi dags. 7. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. apríl 2003. Umsögn barst ekki frá Hafrannsóknastofnuninni.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 8., 9., 11., 15., og 23. apríl 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stækkun Grundartangahafnar felst í lengingu hafnarbakkans sem liggur samsíða landi um allt að 250 m í vesturátt. Með þessari stækkun sé gert ráð fyrir að allt að 225 m og 80.000 brúttólesta skip geti lagst við viðlegukantinn. Bryggjuþekjan, þ.e. yfirborð hafnarsvæðisins, verði í um 5,8 m hæð yfir sjó miðað við meðal stórstraumsfjöru en viðlegudýpi muni verða 14 m. Fram kemur að á fremstu 30 m frá viðlegukanti verði yfirborð bryggjuþekjunnar steipt en baklandið fyllt þegar fram í sækir með tilfallandi fyllingarefni og malarbórið eða klætt malbiki. Við stækkun hafnarinnar

verði fyrirstöðugarður gerður úr burðarhæfu fyllingarefni innan við fyrirhugað stálþil. Skipt verði um efni í þilstæði ef þurfi. Fram kemur að heildarstærð framkvæmdasvæðis sé 4 ha, þar af sé landfylling rúmir 3 ha. Meginhluti þess sjávarbotns sem um sé að ræða sé óraskaður.

Fram kemur að efnisþörf við framkvæmdirnar er áætluð allt að 200.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhugað sé að 120.000-140.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni verði fengið með sjódælingu úr Hvalfirði og/eða Faxaflóa frá Björgun ehf. en að auki verði nýtt efni sem til fellur úr grunni viðbyggingar við álver Norðuráls og hugsanlega einnig efni úr efnistöku á svæðinu, t.d. Kirkjubólssnámu gegnt Hvalfjarðargöngum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögnum allra umsagnaraðila kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Lífriki sjávar, mengun**

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila sé ekki fjallað um það hvort fyrirhugaðar framkvæmdir séu líklegar til þess að hafa áhrif á gegnumstreymi um flæðigryfjur Norðuráls innan núverandi hafnarsvæðis. Bent er á að tryggja verði óheft flæði til þess að flæðigryfjurnar gegni hlutverki sínu. Einnig er bent á að vegna tíðari skipaferða til Grundartangahafnar verði sennilega að endurskoða viðbragðsáætlun hafnarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð lenging hafnarbakkans muni ekki hafa áhrif á gegnumstreymi um þær flæðigryfjur sem nú eru í notkun þar sem sjávarfalla muni eftir sem áður gæta um suðvesturhluta núverandi hafnargarðs. Bakland fyrirhugaðrar stækkunar verði fyllt þegar fram í sækir með tilfallandi fyllingarefni og séu framtíðarflæðigryfjur Norðuráls fyrirhugaðar suðvestan núverandi flæðigryfja, þ.e. á því svæði þar sem gert er ráð fyrir landfyllingu. Þessi áform séu unnin í samráði við Grundartangahöfn og samræmist fyrirhuguðum áformum um landfyllingu enda sé skilyrðum um óheft flæði sjávarfalla um flæðigryfjur fullnægt. Fram kemur að Grundartangahöfn muni hafa samráð við Umhverfisstofnun vegna breytinga á tilhögun mengunarvarna við framkvæmdirnar.

Í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins kemur fram að ekkert gefi til kynna að framkvæmdir við hafnargerð muni hafa í för með sér varanleg eða óafturkræf áhrif á lífríki sjávarins á svæðinu.

### **Efnistaka úr sjó og varp dýpkunarefnis í sjó**

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vakin athygli á þeirri óvissu sem ríki varðandi umhverfisáhrif efnistöku í sjó en engar athuganir hafi verið gerðar á þeim. Einnig er bent á að varp dýpkunarefnis í hafið sé óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Málsmeðferð varðandi leyfisveitingar sé í samræmi við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðila sé kunnugt um óvissu varðandi umhverfisáhrif efnistöku úr sjó en bendir á að Björgun ehf. hafi leyfi iðnaðarráðuneytisins til slíkrar efnistöku. Þá kemur fram að framkvæmdaraðili muni fara að reglum um meðferð dýpkunarefnis komi til þess að efni úr þilstæði verði notað til fyllingar

innan við þil.

### **Umferð skipa**

Í umsögn Siglingastofnunar kemur fram að ekki verði séð að stækkunin hafi áhrif á umferð skipa um Hvalfjörð.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða stækkun Grundartangahafnar í Hvalfirði í Skilmannahreppi sem felst í lengingu hafnarbakkans sem liggur samsíða landi um allt að 250 m í vesturátt. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Fyrirhuguð framkvæmd verður á svæði sem ber merki fyrri hafnarframkvæmda og -umsvifa. Skipulagsstofnun telur ljóst að hafnarframkvæmdirnar muni hafa áhrif á sjávar- og botndýralíf á afmörkuðu svæði við Grundartangahöfn en þau áhrif verði óveruleg. Í umsögn Umhverfisstofnunar er vakin athygli á þeirri óvissu sem uppi er um umhverfisáhrif efnistöku úr sjó. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar um óvissu um umhverfisáhrif efnistökkunnar úr sjó, en bendir hins vegar á að framkvæmdaraðili hyggst nýta svæði til efnistöku úr sjó þar sem fyrir liggja tilskilin leyfi iðnaðarráðuneytis frá árinu 1990. Í ákvæði I. til bráðabirgða í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum og er þessi þáttur framkvæmdarinnar því ekki til ákvörðunar um matsskyldu. Skipulagsstofnun telur að efnistaka á landi vegna framkvæmdanna sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér enda um óverulegt efnismagn að ræða á svæðum sem hefur verið raskað. Stofnunin bendir á að leggja þarf fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem ekki liggja fyrir leyfi til efnistöku.

Fram hefur komið í gögnum framkvæmdaraðila að framkvæmdirnar muni ekki hafa áhrif á flæði sjávar um flæðigryfjur Norðuráls innan núverandi hafnarsvæðis og að framtíðaráform um flæðigryfjur samræmist fyrirhuguðum áformum um landfyllingu á svæðinu í tengslum við framkvæmdirnar. Einnig að Grundartangahöfn muni hafa samráð við Umhverfisstofnun vegna breytinga á tilhögun mengunarvarna við framkvæmdirnar. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að skilyrðum um óheft flæði sjávarfalla um flæðigryfjur verði fullnægt og að samráð verði haft við Umhverfisstofnun varðandi tilhögun framkvæmda við flæðigryfjur Norðuráls.

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Siglingastofnunar að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á siglingaleiðir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun Grundartangahafnar í Hvalfirði í Skilmannahreppi sé ekki líkleg til að hafa hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð stækkun á viðlegukanti er í samræmi við gildandi svæðisskipulag. Hún er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017 frá 7. nóvember

2000. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag hafnarsvæðis að Grundartanga frá 8. nóvember 2002. Því þarf að breyta aðal- og deiliskipulagi svæðisins áður en unnt er að heimila fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdaraðili þarf að loknum skipulagsbreytingunum að óska eftir framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 vegna hafnarframkvæmdanna (byggingar viðlegukants og landfyllingu) og vegna efnistöku þar sem ekki liggja fyrir leyfi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. maí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skilmannahreppur, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.